

Foreldrafélag Glerárskóla

4. maí 2015

Fundur með vinaliðum og bekkjaráðunum vegna vorhátíðarinnar.

Mættir: Aníta, Brynja, Vilborg, Alma, Sigurlaug og Líney. Þá voru mættir vinaliðar úr miðstiginu og foreldrar frá öllum bekkjaráðum nema frá 10. bekk.

1. Aníta bauð alla velkomna og sagði ánægjulegt hve mætingin væri góð á fundinn sem taldi 45 manns.
2. Brynja sagði frá breyttu fyrirkomulagi vorhátíðarinnar þar sem hún verður á virkum degi í ár, fimmtudaginn 4. júní kl. 11:00-13:15 en ekki á laugardegi eins og áður. Óánægjuraddir heyrðust vegna tíma vorhátíðarinnar, einna helst að foreldrar ættu erfitt með að fá frí úr vinnu til að mæta þar sem eitthvað væri um að vera bæði í vikunni á undan og skólaslitin svo daginn eftir. Brynja útskýrði að með þessu væri verið að tryggja það að allir nemendur gæti tekið þátt í hátíðinni þar sem hún fer fram á skólatíma. Nokkrar umræður fylgdu í kjölfarið.
3. Næst var farið í að ákveða hverju við viljum breyta og hverju viljum við halda inni. Ákveðið var að tombólan helst inni en vöflusalan dettur út. Ákveðið að hafa stöðvar úti þar sem boðið er upp á leiki sem vinaliðarnir munu sjá um, einnig verður eitt foreldri á hverri stöð.
4. Þá var vinaliðunum og foreldrunum skipt í hópa, tveir vinaliðar og tveir fullorðnir til að ákveða einn til tvo leiki sem hægt væri að vera með á leikjastöðvunum. Hugmyndunum var skilað til Brynju sem ætlar að taka þær saman og raða niður á stöðvarnar.
5. Frístund/nemendur voru beðnir af Brynju að sjá um skreytingar fyrir vorhátíðina og var ánægja með það á fundinum.
6. Óskir um að hafa hoppukastala á hátíðinni og ætlar Sigurlaug að athuga með að redda því.
7. Hjólaferðin getur ekki haldist inni þar sem þetta er á virkum degi en þó verður svæði þar sem hægt verður að hjóla og mun 1. bekkur fá undanþágu til að koma með hjól í skólann þennan dag. Ákveðið var að athuga hvort slökkviliðið/lögreglan gæti komið á hátíðina, Alma ætlar að athuga með það.
8. Hlutverk bekkjaráðanna verða:
 - 1. bekkur kastali
 - 2. bekkur leikjastöð
 - 3. bekkur leikjastöð
 - 4. bekkur leikjastöð
 - 5. bekkur leikjastöð
 - 6. bekkur tombóla
 - 7. bekkur tombóla
 - 8. bekkur leikjastöð
 - 9. bekkur gefa ís
 - 10. bekkur andlitsmálun

9. 6. bekkur sér um að merkja vinningana og 7. bekkur vinnur á tombólunni sem verður staðsett í stofu A7 og sett upp kvöldið áður. Bekkjaráðið sér um að koma með klink til skiptanna.
10. Bekkjaráðin sjá sjálf um að raða börnum og foreldrum á vaktir, óþarfi að örfáir sjái um vinnuna, endilega að skipta þessu niður á alla.
11. Muna svo að það þarf alltaf að vera foreldri á hverri stöð sem ber ábyrgð og aðstoðar vinaliðana ef þarf.
12. Í lokin er vert að hrósa vinaliðunum vegna góðrar mætingar á fundinn og fyrir að vera svona jákvæðir og skemmtilegir 😊

Fleiri mál ekki rædd og fundi slitið, Líney Elíasdóttir